# AUGLÝSING

**um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppni.**

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 53.500.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 32.000 krónur að lágmarki og 320.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.350.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2005.

*Samgönguráðuneytinu, 16. febrúar 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*